

Nd.

217. Frumvarp

til laga um útflutningsgjald af síld.

Flutningsmaður: Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Af hverri tunnu saltaðrar síldar (108—120 lítra) skal greiða 2 króna útflutningsgjald. Gjaldið greiðist og af síld þeirri, er söltuð er og verkuð í ís-lenskri landhelgi.

2. gr.

Lögreglustjórar innheimti gjaldið og fá 1% i innheimtulaun.

Um innheimtu og greiðslu gjalds þessa fer eftir fyrirmælum laga nr. 16, 4. nóv. 1881, um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

3. gr.

Af gjaldi því, sem ákveðið er í 1. grein, skal greiða 5% í Fiskveiðasjóð Íslands, og skal því fje varið til eflingar sjávarútvegi innlendra manna.

4. gr.

Lög nr. 11, 31. júlí 1907, eru hjer með numin úr gildi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1918.

Greinargerð.

Alt útlit er fyrir, að landssjóð skorti fje næstu árin til ýmsra nauðsynlegra framkvæmda, ef ekkert verður gert til þess að afla honum meiri tekna en nú er. Þarfir og kröfur landsmanna til aukinna fjárframlaga fara sífelt vaxandi. Mörg stór framfarafyrirtæki, sem hafa mikinn kostnað í för með sjer, liggja við borð og þurfa skjótra aðgerða. Ráðstafanir þings og stjórnar í sambandi við heimsófriðinn hafa og aukið alltilfinnanlega útgjöld landssjóðs, og hljóta óhjákvæmilega að gera það enn meir áður en lýkur.

Fyrir því þarf að sjá landssjóði borgið, eftir því sem unt er, með auknum tekjum. Og að því miðar frumvarpið.

Með tilliti til ástæðnanna sem nú eru, að því er snertir kostnað við síldveiðarnar og útflutning af síld, er gert ráð fyrir í frumvarpinu, að lögin komi ekki í gildi fyr en 1. jan. 1918. Og þar sem svo er til ætlast, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en þetta, þá er heldur ekki í frumv. ákvæði um það, að 11. töluliður í 2. gr. laga nr. 16, 16. sept. 1915, sje úr gildi numin, með því að gera má að sjálfsögðu ráð fyrir, að nefnd lög falli úr gildi á þessu ári.